

# EINAR BENEDIKTSSON

1864 — 31. OKT. — 1924.

Svo vitt sem tunga  
vor er lesin munu  
menn í dag minnast  
Einars Benediktsson-  
ar, hins stórvaxna  
anda, snjalla skálds  
og glæsilega manns.

Peir sem hafa sjéð  
hann og heyrta, munu  
minnast hins mikil-  
úðiga svips, hinnar  
tígulegu framgöngu,  
hinnar fögru raddar  
og valdsins í orði  
hans.

Hann hefir aldrei  
verið skáld íslenskrar  
alþýðu, aldrei stráð  
um sig visum og  
kveðlingum, og ljóð  
hans eru ekki á allra  
visum, eins og kveði  
sunra annara meðal  
skálda vorra. En hann  
er þjóskáld í orðsins  
veggistu og sönnstu merk-  
ingu, ekkert skálda vorra hneigist  
stækur en haun að yrkisnum  
íslenskpar fortíðar, nútíðar og  
framtíðar í senu. Og hvort sem  
hann bleður tungu vorri lof-  
kost eða lauger anda sinn í ís-  
lensku fjallalosti, hvort sem  
hann lýsir undraslætti Dettifoss  
eða fákum sem »gripa til stökks-



Einar Benediktsson.

ins með fjúkandi manir«, þá  
kennir alstaðar í kvæðum hans  
hinnar römmu taugar, sem teng-  
ir hann við landið sem ól hann,  
við líf hans eigin þjóðar.

Hann finnur sig í ætt við  
forníslenska karlmannslund og  
andagift, við hina djúpu, fátöl-  
uðu, byrgðu tilfioning Egils  
Skallagrímssonar, við orðkraft

og vit hins fjölynda víkings,  
sem var

»jafnbúinn að vígum, blóti og sumli,  
með bitrasta björinn og pyngstu  
svörin.«

Og engu miður ætti það við um  
E. B. sjálfan, sem hann kveður  
um Snorra Sturluson:

»Ódýr strengur aldrei sleginn,  
úð ei blandin lágri kend.«

Kvæði sín hefir E. B. altaf smíð-  
að úr dýrustu efniviðum hugs-  
unar sinnar.

Pess munu vart dæmi í bók-  
mentum vorum, að skálđi hafi  
sárar svíðið ómenska samtíðar  
sinnar eða kveðið henni þung-  
vægari og harðari ádeilu en  
E. B. gerir í »Fróðárhirðinni«,  
kvæðinu um »langþol íslenskrar  
lundar«, um vesaldóm dauð-  
ýflanna, sem aldrei kenna and-  
stygðar gegn svívirðingum eða  
rísa gegn endemum og forsmán,  
um jarðbönd þess lýðs, sem el-  
ur aldur sinn til þess eins, að  
brindast um »horbein og mótu-  
nautsstrætic«. Ekki ber að fást  
um það, þótt mörgum kunni að  
þykja öfgafull lýsing kvæðisins  
á nútíðarástandi íslensku þjóð-  
arinnar, það er ort af eldmóði  
allshugargremju — og svo kveð-  
ur sá einn, sem ann þjóð sinni  
heitt.

Svo kveður sá einn, sem gerir  
háar krófur til þjóðar sinnar,  
en svo stórir eru draumar Ein-  
ars Benediktssonar um íslenska  
framtíð, að ekki er kyn þótt á  
stundum grípi hann ópolinmæði  
út af því, hve seinlega þjóðinni  
miðar í framsókn sinni, hve hin  
fyrirheitna nýja gullold er lengi  
að renna. Hann kveður um feg-  
urð hins gagnlega, um hagnýting  
náttúruaflanna og sköpun  
auðæfa í landinu, sem verði  
undirstaða og afgjafi vaxandi  
þjóðþrifa og nýrrar menningar.  
Hann boðar endurvakning íslensks  
metnaðar gagnvart um-  
heiminum, frægilega sigra Vær-  
ingjans, fulltrúa íslenskra gáfna  
í andlegri samkeppni þjóðanna.

En hver er afstaug þessarar  
óbifandi trúar E. B. á atgjörvi  
og giftu þjóðar vorrar? Það er  
íslensk tunga og þau ódauðlegu  
verk, sem á henni hafa verið  
ort og rituð. Af öllu íslensku á  
hún stærst ítak í sál hans. Pess  
kennir ekki einasta í þeim fjöl-  
mörgu kvæðum, þar sem hann  
beinum orðum dáist að segurð  
hennar og mætti, heldur svo að  
segja í hverri línu, sem hann  
myndar. Í hverri hending í kvæð-  
um hans kennir orðnautnar;  
ekkert af skáldum vorum er sjer  
þess eins vitandi og hann, að  
það er á íslensku, sem hann  
yrkir, hinni eldfornu og yngdu  
norrænu tungu. Og hjá engu af

skáldum vorum þkir mér svipur máls og braga jafntígulegur sem í ljóðum Einars Benedikts-sonar.

Um langan aldr mun trú Íslendinga á mening sína og möguleika leita er eflingar í fyrirheit kvæða hns. Hann er fremstur þeirra sklda, er leyst hafa úr álögum þer hugsjónir, sem íslenskur and mun reisa á verk sitt í framðinni. Arfur vor og uppruni skl varðveittur af trygð og rækt, ný tímaborin menning skal ná vexti hér í landi, hugur þjóðaðinnar manna-st og mentast, itsýn hennar víkka, tungan yngast og auðgast og íslenskur endi að nýju kveða sér hljóðs um heiminn.

Einar Benediktsson er fjarri ættjörd sinni í dag. Vel mætti sú kynslóð, sem nú starfar og og stækkar undir hrifum hans, kveðja hann yfir lafið, likt og hann sjálfur í »Sleyti til Matt-hiasar Jochumssmar« kvaddi skáldbróður sinn »yfir fjöllin«:

Heill, forna guðmálsins meginherji.

Vor meistari, — jeg kved þig yfir hafið.

Kristján Alberthson.

Í sveit íslenskra ljóðskálða eru flestir heldur ljettbúnr að vopnum, kvíkir á seti, en lausir á velli, ef horft er í augu þeim. Þó gnæfa fæeinir jungvopnaðir stórkjöldungar uppi úr þvög-unni. Einn af þem er Einar Benediktsson.

En þó að han beri þyngri tygi en flestir aðir, er hann brattengastur og bragdjarfastur allra íslenskra skálða. Hann hefir frá opphafi gert miklu strangari krisur til sjálfssín, en tit er um íslenska rit-höfunda. Hann hefr alt af ætl-að sjálfum sjer þyngsta vandann og örðugusti verkefnin. Það er þess vegna, meðal annars, að hann nú skipar æðsta sessinn í bókmentum vorum.

Virðingarleysi mægra stórgáf-aðra rithöfunda fyrir hæfileikum sinum er ein hin sorgleg-asta kynfylgja íslenskra bókmenta á síðari óldum. Skild, sem hafa sýnt og sannað, að þeim er fært að ríða loft og lög, virðast stundum hafa hafi ánægju af að láta skáldfákinn brjótast um í aurum og urðum eða ata sig út í leirflögum. Slikt hefir aldrei hent Einar Benediktsson. Ef gallar eru á list hans, þá er aldrei hirðuleysi eða handvömm um að kenna. Hann hefir alt af stefnt að hæsta maiki.

Í raun og veru hefir hann aldrei orkt neitt fyrir aðra en sjálfan sig og aldrei hlitt dómi annara en sjálfssín um kveðskip sinn. Hann hefur og aldrei rjett út hönd eftir óðrum skáld-launum en þeim, sem hann gat tekið undir sjálfum sjer. Vit-undin um að hafa af fremsta megni fullnægt krófum strangar listar hefir verið honum nóg.

Árni Pálsson.

Úr jörðu grefur þú gull,  
en kafar í hyldjúp höf.  
Þú hlaust íslenskan anda  
og eld — í vögugjöf.  
Þú brædir málminn í móti,  
ristir rúnir á skjöld.  
Þú berð á trúlausum tröllum,  
en tignar hin æðstu völd.  
Þú spáir með spekingsordum,  
hefir godheima gist.  
Þú auðgaðir okkar jörð  
með íslenskri list.  
Þú hræðist ei lof né last. —  
Storminum storka fjöll.  
Þú kveður. Þú krýndir þig sjálfur  
til konungs — í stjörnuhöll.

*David Stefánsson  
frá Fagraskógi.*

Heill skáldinu  
Einari Benediktssyni!  
*Einar Jónsson.*

Ef íslendingar hefðu haft  
hugsun á þeiri skyldu sinni  
gagnvart sjálfum sér og öðrum,  
að kenna Norðurlandabúum að  
virða og skilja tungu forfeðra  
sinna, þá væri Einar Benedikts-  
son óefað í tölu frægstu skálda  
á Norðurlöndum. Einungis sá  
sem er stórkáld, getur þannig  
kveðið:

Fyr en lífið dauðann deyðir  
dvína skal ei sólarbrá.  
Mannleg sál skal pekking brá  
par til sjónin fjarlægg eyðir,  
uns vors hugar rök og ráð  
rata allar himna leiðir.

*Helgi Pjeturss.*

A sextugsafmæli Einars Benediktssonar er mér það hugstæðast, að hann er það íslenskt ljóðskáld, er ætti skilið að fá Nóbelsverðlaun í afmælisgjöf, og það hefir lengi verið sannfæring míni, að hann hefði þegar fengið þau, ef hann hefði ort á öðru málí jafnmikið og jafnágætt og hann hefir kveðið á móðurmáli sínu. Ekkert skáld vorð teygir rætur sínar dýpra í eðlisgrunn íslenskunnar, ekkert breiðir »máli laufgað« limið svo hátt yfir kvæðakjarríð sem hann. Það er gremjulegt, ef jafnvel Norðurlandajóðirnar, er mæla dótturmál norrænunnar, eru svo skyni skroppnar um íslenskt mál og bókmentir, að þær komi ekki auga á þann mann, sem nú ber hæst höfuðið og sjer viðast úr Hliðskjálf tungu vorrar, sem hann hefir hækkað og prýtt. En hvað sem verður um Nobelsverðlaun, þá ætti íslenska þjóðin sjálf, að hafa vit á að þakka skáldi sínu þær gersemar, er hann hefir gefið henni, og það því fremur, sem hann hefir alla tíð kveðið eins og þjóð hans væri andans konungar einir og tunga hennar sjálft guðamálið.

Af því að hann hefir ort með þeim huga, munu orð hans hljóma um firnindi framtíðarinnar. *Guðm. Finnbogason.*

Fjórar háoldur þykja mjer hafa risið hæst í íslenskri ljóðagerð. Það er Völsuspá vegna hugarflugs og stórsjóna; Jónas Hallgrímsson fyrir fínleik sinn; Matthías Jochumsson fyrir tilfinning og trú; og Einar Benediktsson fyrir hugsanaauð, kraft og hið afarmikla útsýni sitt.

Viða hefir hann verið, og frá öllum helstu stöðunum sendir hann stórfeld málverk heim, sem eftirmenn okkar, sem nú eru uppi, geta hengt upp, myndir af úthafinu og hestum í skemtför. Í Róm situr hann og horfir út yfir Tíberfjótið, sem rennur seitn fram. Það er: »Kvöld með ræðri skikkju, bláum faldic.« — Öll menning Rómverja, herfrægð, umboðsstjórn, kveðskapur, trúarskiði kemur upp af fljótinu, eins og skuggamyndir á tjaldi. Kynslóðin spillist og úrættist, og öll frægð og kraftur fellur ofan

í fljótið aftur, og þá ólysist kvöldusins rauða skikkja — og hrynnur eins og rómverska menningin.

Hann hefir aldrei látið frá sjer fara neitt rusl. Hvar sem er leitað held jeg ekki sje til nokkur »ljót« visa eftir hann. Þetta álit jeg vera adalmensku listarinnar. Hann yrkir oft svo að erfitt er að skilja hann til hlýtar. Yrkisefnin verða yfirleitt risavaxin í höndum hans. Það er eins og hann vilji koma alheiminum inn í eitt kvæði, sem er 3—4 síður. Mjer sýnist ekki unt að þýða nema fáein af kvæðunum á útlendar tungur. Íslenskan er sá aðburða fjörhestur, sem enginn útlendingur situr. Einar Benediktsson minnir mig mest á Ossian, sem ávalt er lagður út á lesmáli. Jeg hefi sjed tilraunir til að stæla Einar Benediktsson, en aðrei held jeg að hann myndi skóla í ljóðagerð vorri, því sá, sem ætti að vera lærisveinn hans, yrði að geta fleyst sjer til sunds í kvöldroðanum, án þess að detta niður á jörd eða haf.

*Indriði Einarsson.*

Mikil óskóp — alþjóð metur  
andann hæst; þó kæmi oss betur  
stundarhvíld á leiti lágu,  
lægri þys af flugi háu.

En þroski lýðsins þín var stefna,  
því var aldrei flökt að nefna.  
Vægðarlaust, frá vestri smáu,  
vastu oss fram í sýnin háu.

Jakob Thórarensen.

Fyrsta skifti er við mættumst  
í hinum stóra heimi, var jeg fá-  
kunnandi, — jeg var að leita  
að gæfunni — og að læra að  
sjá, en þú varst mjer strax vin-  
ur. Jafnan síðan hefir þú haft gát  
á mjer, eins og strangur fóstri.

Með ótal bindingum og dó-  
um, hefir þú örfað lund mína  
til sóknar á listabraut.

Ahrif þín voru eins og storm-  
ur, sem ekki hlífir smárunnum.

Peir sem voru óþroskaðir með  
þjer, bognuðu eins og stráin. —

Hvort þú viðurkennir upp-  
skeru mína þegar til kemur, fer  
sem má — — en það mun jeg  
kalla sigur minn, ef þú gerir  
það.

En höll þín  
á hugans björgum  
mun standa albrein  
um aldir skálda.

Braglind þín  
mun djúp,  
þó þorni tjörn  
hjá þjóð.

Því listgyðja  
geymir ask þinn.  
*Jóhannes Sveinsson Kjarval.*

Skáldverk Einars Benedikts-  
sonar eru leiðarmarkið í nútíð-  
arbókmentum vorum. Þau benda  
aftur, til alls þess djarfasta og  
máttugasta í hugsun og tungu  
þjóðarinnar frá upphafi. Í þeim  
mætast íslensk frummenning og  
erlend hámenning, og svo benda  
þau fram, á þær torsóttu leiðir,  
sem skáldum vorum og rithöf-  
undum er ætlað að sækja, til  
mesta frama.

Pókk sje Væringjanum, sem  
sigldi skipum sínum heim í höfn,  
hlöðnum andlegum audi. Heill  
sje meistaránum, sem aldrei  
kvíkaði sjónum af hæsta tak-  
marki listar sinnar.

Sigurður Nordal.

VÓRDUR

Reykjavík 31. október 1924.